

Heilsueflandi samfélag

Íþrótta- og tómastundaráð, skólanefnd grunnskóla og mannréttinda- og forvarnanefnd Garðabæjar hefur að undanfögnu rætt á hvaða hátt bæjarfélagið geti stuðlað betur að heilbrigðum lífsháttum, heilsu og velliðan allra bæjarbúa. Til að skapa umgjörð um þetta mikilvæga verkefni er lagt til að Garðabær og Embætti landlæknis geri með sér samstarfssamning um þátttöku Garðabæjar í verkefninu Heilsueflandi samfélag og að undirritun samningsins fari fram þegar sundlaugin í Ásgarði verður vígð þann 19. apríl nk.

Markmið verkefnisins;

Með þátttöku í slíku verkefni er Garðabær að skuldbinda sig til að leggja áherslu á að heilsa og líðan íbúa sé höfð í fyrirrúmi í stefnumótun á öllum sviðum. Áhersla væri lögð á að bæta umhverfi íbúa, draga úr tíðni og afleiðingum langvinnra sjúkdóma með margvíslegu forvarnar- og heilsueflingarstarfi.

Framkvæmd verkefnisins;

Lagt er til að ráðist verði í mótun á heilsueflandi stefnu sem hefði áhrif á öll svið bæjarins.

Vinnan við gerð stefnunnar færi fram í nokkrum skrefum,

- Greining á tölfræðilegum upplýsingum um hreyfingu og heilsufar mismunandi aldurshópa og fyrirliggjandi stefnum innan bæjarfélagsins.
- Greining á aðstöðu, aðgengi og tilboðum um hreyfingu og frístundastarf.
- Opnir fundir með íbúum bæjarfélagsins.
- Gerð heilsustefnu og aðgerðaáætlunar.

Stýrinefnd yrði skipuð en hennar hlutverk er að vinna að framkvæmd verkefnisins, hún væri þverfagleg og samanstæði af kjörnum fulltrúum, embættismönnum mismunandi sviða, fulltrúum leik- og grunnskóla, fulltrúa námsráðgjafa, fulltrúa fjölbrautaskólans og fulltrúa frá heilsugæslunni. Jafnframt ættu íþróttafélögin, skátarnir, kirkjan og félög eldri borgara í bænum sína fulltrúa í nefndinni.

Ábyrgðarmaður verkefnisins yrði einnig ákveðinn en hlutverk hans væri að halda utan um verkefnið ásamt framkvæmdanefnd sem samanstæði af nokkrum fulltrúum úr stýrinefndinni.

Byrjun verkefnisins;

Lagt er til að við undirritun verkefnisins verði kynnt að ákveðið hafi verið að gefa börnum frá 0-18 ára frítt í sundlaugar bæjarins ásamt því að opnunartími sundlaugarinnar í Ásgarði verði lengdur til reynslu til kl. 22:00 á kvöldin. Til viðbótar þessu verði lagt af stað með verkefni til að efla þátttök ungs fólks í Garðabæ í hugleiðslu, jóga og núvitund.

Björg Fenger, formaður íþrótta- og tómastundaráðs Garðabæjar
Sigríður Björk Gunnarsdóttir, formaður mannréttinda- og forvarnanefndar Garðabæjar
Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar grunnskóla Garðabæjar



HEILSUEFLANDI samfélag

Umsókn um þátttöku

Þátttaka í **Heilsueflandi samfélagi** felur m.a. í sér: 1) að bæjar- eða sveitarstjórn hafi tekið ákvörðun um að verða heilsueflandi samfélag, 2) að skipaður verði þverfaglegur stýrihópur sem er ábyrgur fyrir framgangi starfsins og 3) að samfélagið tilnefni tengilið við Embætti landlæknis.

Nafn bæjarfélags/sveitarfélags:			
Heimilisfang:		Póstnúmer:	
Sími:		Opinbert netfang:	
Heimasíða:			

Tengiliður samfélags við Embætti landlæknis	Nafn:		
Sími tengiliðar:		Netfang tengiliðar:	

Nánari upplýsingar um bæjarfélagið/sveitarfélagið

Fjöldi íbúa:	Ákjósanlegur upphafsdagur (undirritun samnings):		
Haft hefur verið formlegt samband við eftirfarandi aðila um samstarf:	Heilsugæslu ☐ Já ☐ Á ekki við ☐ Í bígerð	Íþróttafélög ☐ Já ☐ Á ekki við ☐ Í bígerð	Leikskóla ☐ Já ☐ Á ekki við ☐ Í bígerð
Grunnskóla ☐ Já ☐ Á ekki við ☐ Í bígerð	Framhaldsskóla ☐ Já ☐ Á ekki við ☐ Í bígerð	☐ Aðra (tilgreinið):	
Af hverju vill bæjar-/sveitarfélagið verða Heilsueflandi samfélag? Hver eru megin markmiðin?	☐ Sjá fylgiskjal		

Staður:		Dagsetning:	
---------	--	-------------	--



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

(Undirskrift bæjar-/ sveitarstjóra)

Prentið út blaðið þegar það hefur verið útfyllt og sendið á Embætti landlæknis, Barónsstíg 47, 101 Reykjavík

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026